

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir Kálfatjörn, Vatnsleysuströnd, Sveitarfélaginu Vogum.

Með vísan til ákvæða skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga þann 24. ágúst 2011 samþykkt deiliskipulag fyrir Kálfatjörn, Vatnsleysuströnd. Deiliskipulagið felur m.a. í sér skipulag fyrir 18 holu golfvöll, golfskála, hótél, áhaldahús og skýli á æfingasvæði. Einnig er gert ráð fyrir undirgöngum undir Vatnsleysustrandarveg, þjónustuvegum og stígum á golfvelli. Þá eru skilgreindar lóðir undir kirkju og þjónustuhús sem tilheyrir Kálfatjarnarkirkju og lóð undir Norðurkot og Skjaldbreið sem tilheyrir Minjafélagi Vatnsleysustrandar. Greinargerð og uppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vogum, 20. september 2011.

Eirný Valsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 6. október 2011